

Gamla Borg, Grímsnesi,  
13. júní 2023

Til þess/þeirra sem málið varðar hjá Grímsnes- og Grafningshreppi,

Efni: Ósk um breytingu á skráningu eignar í fasteignaskrá

Ég undirrituð, Þórunn Wolfram Pétursdóttir, eigandi fasteignarinnar Gamla Borg þinghús (F2207855) í Grímsnes- og Grafningshreppi óska eftir að skráningu Gömlu Borgar verði breytt í fasteignaskrá og verði hér eftir skráð sem íbúðarhús í stað veitingahúss eins og nú er. Innviðir Gömlu Borgar uppfylla öll skilyrði byggingareglugerðar hvað varðar íbúðarhúsnæði, án þess að verndargildi hússins hafi á nokkrum hátt verið raskað.

Eftirfarandi lýsing á varðveislugildi Gömlu Borgar er að finna í húsakönnun sem Verkfræðstofan Efla gerði fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp árið 2022 í tengslum við deiliskipulagsgerð: „Gamla-Borg er metið með hátt varðveislugildi. Húsið hefur töluvert menningarsögulegt gildi og er samofið byggðarsögu í Borg. Gamla-Borg er elsta húsið í þorpinu, byggt árið 1930 og er í sérstökum klassískum steinsteypu stíl sem algengur var á Íslandi á þeim tíma. Húsið er einstakt samanborið við önnur hús í þorpinu. Gamla-Borg býr yfir byggingarlistarlegu gildi sem ber að vernda. Húsið hefur fengið nýjan tilgang sem íbúðarhúsnæði en upprunalegt yfirbragð er vel varðveitt og húsið er í góðu ástandi.“ Húsið hefur haft fjölmörg ólík hlutverk frá því það var byggt, frá því að vera upphaflega skóli og heimili skólastjórahjónanna yfir í að verða bílaverkstæði og því sögulegt fordæmi fyrir því að Gamla Borg sé íbúðarhúsnæði.

Í gildandi aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032, kemur fram að húsið stendur á reit, sem samkvæmt skipulagi er gert ráð fyrir verslun og þjónustu, en þar stendur líka eftirfarandi: „að við skipulag byggðar og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar ([DisplayDoc.aspx \(skipulagsstofnun.is\)](#)).“ Í nýju aðalskipulagi hreppsins er líka nýtt svæði, svokallað miðsvæði, þar sem innan skipulagsreitar verslunar og þjónustu er einnig gert ráð fyrir íbúabyggð.

Með vísan í það og í ljósi breyttrar notkunar á Gömlu Borg sem íbúðarhúss og menningarseturs í stað veitingahúss, sem og breytta notkun á öðru húsnæði innan skipulagsreitar yfir í gistingu fyrir ferðafólk, óska ég því eftir að skráningu Gömlu Borgar í fasteignaskrá verði breytt í íbúðarhús, í takt við núverandi notkun hússins.

Með góðri kveðju,  
Þórunn Wolfram Pétursdóttir  
kt. 291067 5069